



Febrúar 2026
Norðurþing

Iðnaðarsvæði á Bakka

Deiliskipulag 3. áfangi
Skipulagslýsing

lønnaðarsvæði á Bakka

Verknúmer.

A302802

Skjalanúmer.

0101

Útgáfa

1.01

Dags.

28.2.26

Lýsing

Skipulagslýsing

Höfundur

VS/BV

Rýni

RDB

Samp.

RDB

EFNISYFIRLIT

1	Lýsing fyrir skipulagsáætlun	4
1.1	Tilgangur lýsingar	5
1.2	Málsmeðferð og kynning lýsingar	5
2	Skipulagsáætlun	7
2.1	Sögulegt yfirlit	7
2.2	Forsendur breytinga.....	7
2.3	Staðhættir á skipulagssvæðinu	7
2.4	Uppbygging svæðisins.....	8
2.5	Landsskipulagsstefna	9
2.6	Sóknaráætlun Norðurlands eystra	9
2.7	Viðmið og efnistöð deiliskipulags	10
2.8	Umhverfis og áhrifapættir	11
2.9	Fornleifar	11
2.10	Samráð og kynning.....	11
2.11	Skipulagsferli kynning og samráð	12
2.12	Heimildir	13

1 Lýsing fyrir skipulagsáætlun

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og skipulagsreglugerð nr. 90/2013 er unnin lýsing fyrir nýtt deiliskipulag fyrir 3. áfanga, hluta iðnaðarsvæðis á Bakka norðan við Húsavík (sjá mynd 1)


Skipulagsverkefnið nefnist: **Iðnaðarsvæði á Bakka, Norðurpingi, deiliskipulag 3. áfangi**

Hér á eftir er gerð grein fyrir forsendum skipulagsins, fyrirbyggjandi stefnu og áherslum sveitarstjórnar. Auk þess er greint frá staðhættum, fyrirhuguðum áherslum og áformuðum kynningar- og samráðsferlum. Í Aðalskipulagi Norðurþings 2010–2030, Húsavík, sem staðfest var af umhverfisráðherra þann 22.12.2010 segir eftirfarandi um iðnaðar- og athafnasvæði norðan Húsavíkur: sjá töflu 1.

Tafla 1 Skipulagsforsendur sem koma fram í aðalskipulagi varðandi uppbyggingu á Iðnaðarsvæði 11.

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
11	201 ha	Bakki, norðan við Húsavík	Óbyggt svæði á og við Bakkahöfða, um 3 km norður af Húsavík. Iðnaðarsvæði við Bakka er að mestu fullgróið. Það einkennist af víðáttumiklu votlendi. Við gróðurúttekt á fyrirhuguðu iðnaðarsvæði fundust ekki friðlýstar tegundir, tegundir á valista eða sjaldgæfar tegundir á lands- og héraðsvísu. Ein tegund, brönugrös (<i>Dactylorhiza maculata</i>), var skráð sem er sjaldséð í Þingeyjarsýslum (Gerður Guðmundsdóttir og Kristín Ágústsdóttir, óbirt). Bakkafjara og Bakkahöfði ásamt fjörum, skerjum og grunnsævi eru á náttúruinjasráð vegna sérkennilegra rofinna sjávarkletta og bergganga fram undan höfðanum og lífríkis í fjörum og skerjum (Náttúruverndarráð, 1996). Votlendi á iðnaðarsvæði við Bakka fellur undir skilgreiningu 37.gr. náttúruverndarlaga um sérstaka vernd mýra og flóa þar sem mýrin er yfir 3 ha að stærð (Gerður Guðmundsdóttir og Kristín Ágústsdóttir, óbirt drög). Skrá yfir fornleifar á svæðinu liggur fyrir, svo og úttekt á gróðri á svæðinu.	Gert er ráð fyrir 188 ha (201 ha) svæði fyrir stjóriðju og annan tengdan iðnað. 143 ha svæði er vestan þjóðveggar og 58 ha austan hans. Á svæðinu er heimilt að reisa allt að 346.000 tonna álver og tilheyrandi mannvirki. Þar er einnig heimilt að reisa mannvirki og starfrækja atvinnufyrirtæki sem hafa hag af nálægð við álver eða við þjóðveg og höfn. Í deiliskipulagi verði gerðar strangar kröfur um vandað útlit mannvirkja, frágang umhverfis og umgengni á svæðinu. Iðnaðarsvæðið stækkar úr 105 í 201 ha frá Aðalskipulagi Húsavíkur 2005-2025. Stækkun til suðurs er gerð til að svæðið rúmi það álver sem er í undirbúningi en það er stærra en áður var gert ráð fyrir. Iðnaðarsvæðið er einnig látið ná til alls þynningarsvæðis álversins og er það sýnt á þéttbýlisupprætti, en endanleg þynningarsvæði verður ákveðið af Umhverfisstofnun við útgáfu starfsleyfis. Svæðið vestan þjóðveggar stækkar úr 87 ha í 143 ha svæði vestan þjóðveggar og austan þjóðveggar stækkar svæðið úr 18 ha í 58 ha. Svæðið er einnig afmarkað nær sjó en í Aðalskipulagi Húsavíkur 2005-2025. Við gerð deiliskipulag skal þess gætt að ekki sé byggt nær sjó en 50 m og að ekki verði hindruð leið fótgangandi meðfram honum (sbr. skipulagsreglugerð gr. 4.15.2) og tryggja skal aðgengi almennings að náttúruinjasvæðum á Bakkahöfða, sbr. einnig gönguleið sem sýnd er á þéttbýlisupprætti, til nánari útfærslu í deiliskipulagi.

Skipulagslýsing er unnin samkvæmt 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 um tillögu að deiliskipulagi. Megináhersla er að á svæðinu verði boðið upp á lóðir á iðnaðarsvæðinu í samræmi við eftirspurn eftir uppbyggingu.



Mynd 1 Skilgreining iðnaðarsvæðis l1 skv. gildandi aðalskipulagi Norðurþings 2010-2030 m.s.t. breytingum.

1.1 Tilgangur lýsingar


Við gerð deiliskipulagstillögu þarf sveitarstjórn að taka saman lýsingu á verkefninu og kynna fyrir Skipulagsstofnun, almenningi og öðrum hagsmunaaðilum. Lýsing er eins konar verkáætlun um mótun tillögu þar sem tildrögum og forsendum skipulagsgerðarinnar er lýst og áherslur sveitarstjórnar dregnar fram.

Skipulagslýsing er gerð til að tryggja aðkomu almennings og hagsmunaaðila að skipulagsferlinu og stuðla að aðgengi að upplýsingum og auka gagnsæi í ferlinu. Gerð og kynning skipulagslýsingar er á ábyrgð sveitarstjórnar og ætluð til að auka yfirsýn sveitarfélagsins og öðrum sem koma að ferlinu á verkefninu og stuðla að markvissum vinnubrögðum.

Í lýsingu á jafnframt að gera grein fyrir hvernig staðið verður að umhverfismati við mótun skipulagstillögunnar, hvort heldur sem það byggir á skipulagslögum eða lögum um umhverfismat áætlana.

1.2 Málsmeðferð og kynning lýsingar

Að lokinni umfjöllun skipulags- og framkvæmdaráðs og sveitarstjórnar, eftir atvikum, er lýsingin kynnt með áberandi hætti. Lýsingin er auglýst í skipulagsgátt skipulagsstofnunar þar sem hún verður aðgengileg og hægt er að senda inn umsagnir, athugasemdir og ábendingar. Í skipulagsgátt kemur fram innan hvaða tímafests er hægt að skila inn umsögnum, ábendingum og athugasemdum.



Mynd 2 Ferli og málsmeðferð lýsingar.

Sveitarstjórn/skipulags- og framkvæmdaráð skal hafa hliðsjón af umsögnum og ábendingum sem henni berast frá almenningi og hagsmunaaðilum við gerð tillögunnar en ekki er gert ráð fyrir að svara þurfi innsendum ábendingum með formlegum hætti.

2 Skipulagsáætlun

2.1 Sögulegt yfirlit

Norðurþing hefur þegar unnið deiliskipulagáætlun fyrir 1. og 2. áfanga innan iðnaðarsvæðisins. Fyrsti áfangi var unninn m.t.t. iðnaðaruppbyggingar á vegum PCC SE, sem reisti verksmiðju til framleiðslu á kísilmálmni við Bakka á Húsavík. Í skipulaginu var einnig gert ráð fyrir lóð fyrir spennivirki Landsnets.

2. áfangi deiliskipulags afmarkast af svæði sunnan við lóð Landsnets og austan þjóðvegjar. Tildrög þess var ósk um úthlutun lóðar undir steypustöð sem ætlað var að sinna nauðsynlegri þjónustu á sínu sviði við uppbyggingu á Bakka. Ekkert varð úr þeim áformun þannig að sú lóð gæti einnig nýst undir aðra plássfreka starfsemi. Ekki er tilefni til að breyta því skipulagi.

Auk annars áfanga var gert sérstakt deiliskipulag námuvegjar til austurs frá þjóðvegi og tengist óhjákvæmilega iðnaðarsvæðinu á Bakka.

3. áfangi sem nú er til umfjöllunar snýst um að vinna deiliskipulag svæðis bæði austan og vestan megin við þjóðveg 85 innan iðnaðarsvæðis I1. Skilgreindar eru nýjar lóðir og vegtenging milli austur og vestursvæðis.

Á mynd 1 er afmörkun iðnaðarsvæðis í aðalskipulagi (I-1) sýnt með strikálínu (143 ha vestan þjóðvegjar og 58 ha austan hans). Hluti af gráa svæðinu hefur þegar verið skipulagður í 1. og 2. áfanga. Samtals 85,2 ha.

2.2 Forsendur breytinga

Aðdragandi deiliskipulagsgerðar er fyrirhuguð uppbygging á svæðinu þar sem sveitarfélagið Norðurþing hefur skrifað undir viljayfirlýsingar um uppbyggingu. Nauðsynlegt þykir að skilgreina þurfi lóðir á svæðinu til að mæta þeirri eftirspurn sem er til staðar. Afmörkun deiliskipulagssvæðisins og nýrra lóða er sýnd á mynd 3. Gert er ráð fyrir þremur lóðum bæði austan og vestan megin við þjóðveg ásamt nýrri vegtengingu.

2.3 Staðhættir á skipulagssvæðinu

Núverandi skipulagssvæði liggur sitt hvoru megin við þjóðveg 85 norður frá Húsavík, um 315 metra austan helgunarsvæðis vegarins, eru austurmörk svæðisins samsíða veginum. Suðurmörk svæðisins eru við gildandi deiliskipulag austan vegar og gert er ráð fyrir stækkun marka iðnaðarsvæðis í aðalskipulagi við suðurmörk svæðisins vestan megin við þjóðveginn. Norðurmörk skipulagssvæðisins eru við mörk iðnaðarsvæði í aðalskipulagi við Reiðará. Skipulagssvæðið er að mestu gróið lyngmóa en melar eru ofan til, en grasi gróið tún norðan til næst þjóðvegi. Svæðið er notað sem beitoland fyrir búfé.

Landið hallar nokkuð frá austri og niður til norðvesturs að túni næst þjóðvegi. Halli er nokkuð jafn niður að túninu. Hæsti punktur er í um 54 m h.y.s. og lægsti í um 20 m h.y.s. Skilgreind er akstursleið með afleggjara frá námuvegi til norðurs að nýjum undirgöngum undir þjóðveg til að tengja lóðir vestan þjóðvegjar við svæðið austan við þjóðveginn.

2.4 Uppbygging svæðisins

Öflugir innviðir hafa verið byggðir upp á Bakka sem gerir svæðið eftirsóknarvert fyrir iðnaðarstarfsemi. Má þar nefna jarðgöng undir Húsavíkurhöfða sem tryggir góða aðkomu að Húsavíkurhöfn, einnig 220 Kv háspennulínu frá Þeistareykjum að Bakka ásamt tengivirki. Þá hefur verið unnið mikið starf við þróun græns iðngarðs sem nýtt gæti fyrirbyggjandi innviði. Starfsemi fyrsta áfanga kísilversins stendur ekki undir þeim innviðafjárfestingum sem ráðist var í, en vonir stóðu til að PCC myndi stækka og að önnur starfsemi bættist við á Bakka. Það hefur ekki enn gengið eftir. Þá hafa stjórnvöld komið að málum og stutt áform um uppbyggingu á Bakka.

Norðurþing hefur átt í viðræðum við nokkra aðila sem hafa sýnt svæðinu áhuga. Verkefni falla öll vel að hugmyndum Norðurþings um uppbyggingu á svæðinu. Það er því mikill áhugi á uppbyggingu á Bakka enda innviðir þar sterkir og tækifæri til að afla aukinnar raforku í landshlutanum.

Uppbygging atvinnu og efling starfsemi á Bakka mun ekki aðeins gagnast Húsavík og Norðurþingi, heldur jafnframt nærliggjandi byggðarlögum og landinu í heild. Ljóst er að Bakki hefur alla burði til að laða til sín ýmsan iðnað og snúa brothættri stöðu í spennandi vaxtartækifæri. Á svæðinu getur t.d. iðnaðarstarfsemi, gagnaver og nýsköpun í matvælaframleiðslu sameinast undir hatti hringrásarhagkerfis.



Mynd 3 Fyrirhugað svæði sem verður skipulagt í þriðja áfanga.

2.5 Landsskipulagsstefna

Gera þarf grein fyrir hvernig tillaga að uppbyggingu á Bakka sé í samræmi við áherslu landsskipulagsstefnu og útfærir einstaka þætti stefnunnar. Landsskipulagsstefna setur fram áherslur í æskilegri þróun byggðar sem ætlað er að sé náð fram í aðalskipulagi sveitarfélaga og útfært nánar í deiliskipulagi. Eftirfarandi þættir landsskipulagsstefnu tengjast á einn eða annan hátt útfærslum við tillögu að deiliskipulagi og er í samræmi við gildandi aðalskipulag Norðurlands eystra og þau markmið og stefnu sem þar er sett fram. Eftirfarandi þættir verða teknir til umfjöllunar:

- Skipulag er ætlað að stuðla að sjálfbærri þróun
- Umhverfisbreytingar af völdum loftslagsbreytinga
- Seigla og sveigjanleiki skipulags
- Styrkja innviði með hagkvæmari uppbyggingu
- Efla slagkraft viðkomandi svæðis
- Varðveita náttúru- og menningargæði
- Tekið sé mið af þekkingu um náttúruvá við ákvarðanir um mannvirkjagerð
- Styrkja samkeppnishæfni og þol byggðar

2.6 Sónarátætlun Norðurlands eystra

Tilgangur sóknarátætlana samkvæmt SSNE er bæði að ná fram betri nýtingu fjármuna og að færa ákvarðanatöku nær þeim sem þekkja best til aðstæðna á hverjum stað. Sónarátætlun Norðurlands eystra er unnin í samvinnu við sveitarfélög, ríkisstofnanir, atvinnulíf, menningarlíf, fræðasamfélag, íbúa og aðra haghafa.

Við gerð Sónarátætlunar Norðurlands eystra 2020-2024 var tekið mið af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og einstök markmið og aðgerðir tengd við tilheyrandi heimsmarkmið.

Framtíðarsýn málaflokka sóknarátætlun Norðurlands eystra sem tengjast skipulagsgerð:

- Sterkir innviðir
- Góðar samgöngur
- Aukin vitund í umhverfismálum
- Lagning fleiri göngu- og hjólastíga
- Styrkja innviði í landshlutanum

2.7 Viðmið og efnistöð deiliskipulags

Efnistöð deiliskipulagsvinnu eru að skilgreina legu og útfærslu gatna- og stígakerfis og tengingar við aðliggjandi svæði. Afmörkun lóða getur tekið breytingum við vinnu á deiliskipulagsstigi þar sem umfang og stærð mannvirkja og innviða er hönnuð.

Gera skal grein fyrir lóðum, götum, stígum og öðrum innviðum í samræmi við landnotkun og setja skilmála fyrir lóðir og uppbyggingu svæðisins sem heildstæða einingu. Gerð verði grein fyrir þéttleika og yfirbragði bygginga.

Gera skal ráð fyrir lóðum eða svæðum fyrir eftirfarandi þætti:

- Gatnakerfi innan lóðar eða svæðis
- Tjarnir eða söfnunarsvæði vatns
- Blágrænar ofanvatnslausnir
- Spennistöð ef þarf
- Græn svæði
- Bílastæði
- Snjósöfnunarsvæði

Endanleg hönnun og útfærsla verði sýnd á uppdráttum deiliskipulagstillögu. Í deiliskipulagstillögu verða skilgreindir skilmálar fyrir svæðið, bæði almennir og sérskilmálar fyrir lóðir. Í deiliskipulagsgögnum fyrir lóðina skal tilgreint m.a.

- Skilmálatafla reita/lóðar
- Almennir og sérskilmálar
- Möguleg umhverfisáhrif
- Mannvirki á lóð og innviði og húsagerðir
- Stærð lóðar og aðrar lóðaupplýsingar
- Leyfilegt byggingarmagn
- Nýtingarhlutfall lóðar
- Heimilaður fjöldi hæða hvers mannvirkis
- Hámarkshæð húsa innan reits
- Hámarkshæð hvernar hæðar
- Afstöðumyndir
- Sneið A-B og fl.
- Byggingalýsing
- Vegir og helstu samgönguleiðir, bílastæði

2.8 Umhverfis og áhrifabættir

Á deiliskipulagssvæðinu verður gert ráð fyrir einni lóð fyrir gagnaver, lóð fyrir fisktengda starfsemi og svæði fyrir úrvinnslu jarðefnis. Fjallað verður um ofangreinda starfsemi í samræmi við lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana og gerð grein fyrir áhrifum deiliskipulagsins á umhverfið í samræmi við gr. 5.4 skipulagsreglugerðar nr. 90/2013.

Í skipulagstillögu verður fjallað um helstu umhverfisáhrif áformanna. Er þá einkum horft til áhrifa á ásýnd svæðisins en einnig áhrifa á grunnvatn í tengslum við fráveitu. Að auki verður umfjöllun um möguleg áhrif á atvinnulíf.

Jafnframt við gerð deiliskipulags skal meta áhrif af fyrirhuguðum framkvæmdum og starfsemi á aðliggjandi svæði og einstaka þætti áætlunarinnar sjálfrar svo sem á eftirfarandi þætti:

- Vistkerfi
- Auðlindir
- Landslag
- Ásýnd
- Útsýni
- Hljóðvist
- Loftgæði
- Hagkvæmi
- Veðurfar
- Varðveislugildi
- Svipmót byggðar og einstakra bygginga

2.9 Fornleifar

Fornleifaskráning hefur farið fram á iðnaðarsvæðinu (I-1). Skráningin var upphaflega gerð árið 2002 (Fornleifastofnun Íslands, FSÍ&&-01171/Elín Ósk Hreiðarsdóttir), en síðar hafa verið gerðar ítarlegri rannsóknir einkum á stóriðjusvæðinu vestan þjóðveggar.

Samkvæmt þessum rannsóknum eru 20 skráðar fornminjar innan skilgreindra lóða í 3. áfanga og verður umfjöllun um fornminjar í greinargerð skipulagsins.

Vísað er til 24. gr. laga um menningarminjar (nr.80/2012) þar sem segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonnnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins.“

2.10 Samráð og kynning

Skipulagslýsing er unnin skv. 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem fram kemur að gera skal grein fyrir hvernig kynningu og samráði við íbúa sveitarfélagsins og aðra hagsmunaaðila verði háttað.

Eftirfarandi er greining á þeim hagsmunaaðilum sem nú þegar hafa komið að verkefninu og þeim sem koma munu að því á seinni stigum.

- Sveitastjórn Norðurþings
- Skipulags- og framkvæmdaráð Norðurþings
- Skipulagsstofnun

- Vegagerðin
- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra
- Umhverfis- og orkustofnun
- Náttúruverndarstofnun
- Minjastofnun
- Rarik
- Landsnet
- Veitustofnanir
- Íbúar Norðurlands

2.11 Skipulagsferli kynning og samráð

Skipulagslýsing þessi verður auglýst á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar þar sem umsagnaraðilum, hagaðilum og almenningi gefst tækifæri til að koma á framfæri ábendingum og athugasemdum við lýsinguna. Auglýstur umsagna- og athugasemdafrestur er 6 vikur.

Samþykkt deiliskipulags verður send Skipulagsstofnun (innan 8 vikna frá því að athugasemdafrestur rann út). Skipulagsstofnun kemur athugasemdum á framfæri innan 3 vikna frá því að skipulagsgögn bárust. Sveitarstjórn birtir auglýsingu um gildistöku í Stjórnartíðindum (innan 3 mán. frá endanlegri afgreiðslu sveitarstjórnar).

Auglýsing deiliskipulagsins fer skv. 1. mgr. 40.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Tímaáætlun. Ferlið er áætlað sem hér segir (lágmarkstími):

03.2026	Tillaga að skipulagslýsingu skipulagsverkefnis lögð fyrir skipulagsnefnd.
03.2026	Tillaga að skipulagslýsingu skipulagsverkefnis lögð fyrir sveitarstjórn.
03.2026	Skipulagslýsing auglýst á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar.
06.2026	Tillaga að deiliskipulagi lögð fyrir skipulags- og framkvæmdaráð
06.2026	Skipulagstillaga kynnt íbúum á opinberum fundi.
06.2026	Tillaga að deiliskipulagi lögð fyrir sveitarstjórn
07.2026	Deiliskipulagstillaga auglýst á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar.
09.2026	Skipulags- og framkvæmdaráð fjallar um athugasemdir, ef einhverjar eru og samþykkir viðbrögð við þeim.
09.2026	Tillaga að deiliskipulagi lögð fyrir sveitarstjórn og samþykkt til auglýsingar.
10.2026	Samþykkt deiliskipulag sent Skipulagsstofnun.
10.2026	Gildistaka deiliskipulags auglýst í Stjórnartíðindum.

Tímaáætlun er háð tímasetningu funda á sveitastjórn, fjölda athugasemda á ábendinga sem berast á kynningartíma og afgreiðslutíma yfirferðar. Þessi þættir geta haft nokkur áhrif á að tímaáætlun mun taka rýmri tíma en gert er ráð fyrir og gæti náð inn á byrjun árs 2027.

2.12 Heimildir

Alta, 2010. *Aðalskipulag Norðurlings 2010-2030*.

Fornleifastofnun Íslands, 2002. *Fornleifaskráning á Húsavík. FS166-01171 Reykjavík 2002*. Elín Ósk Hreiðarsdóttir. Reykjavík.

Fornleifastofnun Íslands, 2012. *Skráning fornleifa vegna háspennulína að Bakka á Tjörnesi. FS491-12061*. Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Adolf Friðriksson, Howel Magnús Roberts. Reykjavík.

Forsætisráðuneytið, október 2025. *Atvinnumál á Húsavík og nágrenni*. Tillögur starfshóps.